

# **Úrræði Barnaverndarstofu**

**Athugun á úrræðum Barnaverndarstofu**

**Barnaverndarstofa**

**Reykjavík júní 2011**

Úrræði Barnaverndarstofu: Athugun á úrræðum Barnaverndarstofu, 2011

© Barnaverndarstofa

Útgáfustaður: Reykjavík

BVS.IS

## Útdráttur

Markmið tilraunaverkefnis Barnaverndarstofu er að skoða hvort hagsmunum og þörfum beggja kynja sé mætt á jafnréttisgrundvelli þegar kynjaskipting í meðferðarúrræðum Barnaverndarstofu eru skoðuð. Leitast verður við að leggja mat á það hvort kynjaskipting barna í meðferð í úrræðum Barnaverndarstofu endurspegli raunverulega þörf hvors kyns fyrir sig. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2011 (Frumvarp til fjárlaga, 2010 ) er tilraunaverkefni Barnaverndarstofu kynnt. Úrræðin eru meðferðarheimili Barnaverndarstofu, meðferðardeild Stuðla og Fjölkorfameðferðin MST (Multisystemic Therapy) Tölulegar upplýsingar fyrir árið 2010 voru skoðaðar kynjaskiptar hvað varðar umsóknir um meðferð, nýtingu úrræðanna á árinu 2010 og meðalmeðferðartíma út frá þeim sem útskrifuðust á árinu 2010. Einnig var kynjaskipting starfsmanna við meðferðarúrræðin skoðuð, kynjaskipting þeirra sem koma að ákvarðanatöku varðandi umsóknir um meðferð og hvert fjárhagslegt umfang verkefnisins var. Rétt er að benda á að hér er verið að skoða tölulegar upplýsingar fyrir árið 2010, en þær geta aðeins gefið upplýsingar um stöðuna fyrir það ár. Mikilvægt er að skoða hvernig kynjahlutfall í úrræðum Barnaverndarstofu er yfir lengra tímabil og því er einnig fjallað um kynjaskiptingu umsókna og kynjaskiptingu barna í úrræði Barnaverndarstofu frá árinu 2005. Þær upplýsingar fyrir árið 2010 sem hafa verið skoðaðar geta gefið tilefni til þess að ætla að drengir séu í meiri þörf en stúlkur fyrir meðferð í þeim úrræðum sem hér er fjallað um. Fram kemur að drengir eru hlutfallslega fleiri, bæði almennt í samfélaginu (Hagstofa Íslands, 2011a) og hvað varðar barnaverndarmál (Barnaverndarstofa, 2011a). Það að fleiri umsóknir um meðferðarúrræði berist fyrir drengi en stúlkur getur einnig gefið vísbendingu um að þeir þurfi frekar á fyrrnefndum úrræðum Barnaverndarstofu að halda (Barnaverndarstofa, 2011b) en hlutfall umsókna fyrir drengi er hærra en hlutfall kynjanna almennt í þjóðfélaginu og í barnaverndarmálum árið 2009. Á árinu 2010 voru drengir í meirihluta barna sem nýttu þau úrræði Barnaverndarstofu sem hér er verið að fjalla um og er það í samræmi við kynjaskiptingu umsókna um úrræðin. Meðalmeðferðartími þeirra barna sem útskrifuðust úr meðferð á árinu 2010 hjá hvoru kyni fyrir sig er nokkuð sambærilegur þegar meðferðardeild Stuðla er skoðuð og MST en hins vegar þegar meðferðarheimilin eru skoðuð þá kemur í ljós að stúlkur voru að meðaltali lengur í meðferð en drengir. Úrræði Barnaverndarstofu eru öll ætluð báðum kynjum, nema meðferðarheimilið Laugaland sem er fyrir stúlkur.

Hvað varðar jafnréttissjónarmið þessa verkefnis má segja að miðað við þær tölulegu upplýsingar sem hér hafa verið skoðaðar fyrir árið 2010 þá geti verið eðlilegar og réttlátar ástæður fyrir mismun á kynjunum. Mismunurinn gæti skýrst af meiri þörf drengja fyrir meðferð sem m.a. kemur fram í fleiri umsóknum fyrir drengi en stúlkur. Hins vegar vekja þær breytingar á kynjamunur s.l. ára upp spurningar um hvort aðrar ástæður geti verið fyrir þeim mun sem fram kemur. Kynjamunur hefur verið breytilegur og á árinu 2010 jókst hlutfall drengja miðað við árin á undan. Fram kemur að áhættuhegðun og birtingarmynd vanda kynjanna geti verið mismunandi Til þess að geta lagt frekar mat á jafnréttismarkmið þessa verkefnis væri rétt að leita skýringa t.d. hvort þjóðfélagsaðstæður eða birtingarmynd vanda kynjanna geti skýrt þann mun frekar. Einnig að skoða kynjahlutföll í öðrum og vægari úrræðum, þar sem hér er einungis verið að skoða ytrustu úrræðin. Þetta væri hægt að gera með því í fyrsta lagi að fylgja eftir þeim tölulegum upplýsingum sem hér hefur verið fjallað um yfir lengra tímabil. Í öðru lagi mætti skoða árangur meðferðar fyrir hvort kyn fyrir sig og í þriðja lagi að halda áfram að þróa mælikvarða sem enn frekar gætu gefið upplýsingar um hvort hagsmunum og þörfum kynjanna sé mætt á jafnréttisgrundvelli. Starfsmenn meðferðarheimila Barnaverndarstofu eru í meirihluta karlmenn, hins vegar þegar kynjaskipting starfsmanna í MST meðferð er skoðuð þá eru það konur sem vinna þar í meirihluta. Kynjaskipting þeirra sem koma að ákvarðanatöku hjá Barnaverndarstofu er nokkuð jöfn.

## Efnisyfirlit

1 Skilgreiningar .....	6
1.1 Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð .....	6
1.2. Innleiðing kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar í sex skrefum .....	6
2. Fyrsta skref: Inngangur .....	7
2.1 Lýsing á verkefni .....	7
2.2 Markmið verkefnis.....	8
2.3 Markhópur og fjárhagslegt umfang verkefnisins .....	8
3. Annað skref: Hver eru kynjasjónarmiðin? .....	9
3.1 Kynjaskipting almennt .....	9
3.2 Kynjaskipting í barnaverndarmálum .....	10
<sup>1</sup> Af heildarfjölda barnaverndarmála árið 2009 .....	10
3.3 Kynjaskipting umsókna um úrræði.....	10
4. Þriðja skref: Greining á kynjasjónarmiðum .....	13
4.1 Kynjaskipting barna á meðferðarheimilum og í MST .....	13
4.2 Ákvörðunarferli og samsetning starfsmanna .....	14
4.3 Greining á meðferðartíma og útgjöldum .....	16
4.4 Raunveruleikinn.....	18
5. Fjórða og fimmta skref: Búa til kynjamiðaða mælikvarða og farið yfir aðgerðir .....	20
Lokaorð .....	21
Heimildir .....	22

## **Yfirlit yfir töflur**

Tafla 1 Kynjaskipting barna 0-18 ára á Íslandi árið 2010 .....	9
Tafla 2 Kynjaskipting barna 11-14 ára og 15-17 ára á Íslandi árið 2010.....	9
Tafla 3 Fjöldi barnaverndarmála árið 2009 .....	10
Tafla 4 Fjöldi barnaverndarmála árið 2009 - aldursskipt .....	10
Tafla 5 Kynjaskipting umsókna um meðferðarheimili, Stuðla og MST fyrir árið 2010 .....	10
Tafla 6 Niðurstaða umsókna - kynjaskipt .....	11
Tafla 7 Kynjaskipting barna á meðferðarheimilum og MST <sup>1</sup> .....	14
Tafla 8 Kynjaskipting starfsmanna á meðferðarheimilum og í MST <sup>1</sup> .....	15
Tafla 9 Meðferðartími - kynjaskipt eftir úrræðum <sup>1</sup> .....	16
Tafla 10 Meðalmeðferðartími - kynjaskipt eftir úrræðum <sup>1</sup> .....	17
Tafla 11 Greining kostnaðar út frá kynjum .....	18
Tafla 12 Kostnaður miðaður við hvert barn og meðferðardag .....	18

## **Yfirlit yfir myndir**

1 Kynjaskipting barna eftir úrræðum á árinu 2010.....	14
2 Meðalmeðferðartími í dögum eftir kyni og úrræðum á árinu 2010.....	17

# 1 Skilgreiningar

## 1.1 Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð

Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð er það ferli að beita samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða á fjárlagaferlið. Það þýðir að kynjað mat er lagt á fjárlög, kynjasjónarmið eru samofin í öll stig fjárlagaferlisins og að lokum eru tekju- og útgjaldaliðir endurskipulagðir með það að markmiði að stuðla að kynjajafnrétti (Gender budgeting, 2005).

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs árið 2009 er kveðið á um að kynjuð hagstjórn skuli höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð og efnahagsstjórn. Þetta er í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að, s.s. CEDAW, sem og í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (nr. 10/2008), en þar segir að vinna eigi að „kynjasamþættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins.“

## 1.2. Innleiðing kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar í sex skrefum

Dr. Elisabeth Klatzer hefur þróað aðferð til að innleiða kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð í sex skrefum (Gender budgeting, 2005).

Aðferð Klatzers felst í því að í fyrsta skrefi er verkefninu lýst, farið er yfir markmið verkefnisins, markhóp og skoðað hvert fjárhagslegt umfang verkefnisins er. Í öðru skrefi er kynjasjónarmiðum lýst og verður það gert með því að skoða stöðu kynjanna út frá ýmsum þáttum og þeirri spurningu velt upp hvort hagsmunir og þarfir kynjanna séu mismunandi.

Í þriðja skrefi fer hin eiginlega greining fram. Þar verður notað annað greiningartæki sem nefnd hefur verið 3R aðferðin og byggir á því að skoða kynjahlutföll út frá þremur mismunandi þáttum (Norwegian ministry of children and equality, 2007). Aðferðin byggir m.a. á því í fyrsta lagi að skoða hvort kerfisbundinn munur sé á kynjunum sem nota þjónustuna og hvernig kynjaskipting er varðandi ákvarðanatöku og þeirra sem vinna við þjónustuna. Í öðru lagi hvernig gæðum þ.e. plássi tíma og peningum er skipt á milli kynjanna og hvernig þjónustan nýtist hvoru kyni fyrir sig. Í þriðja lagi að skoða hvort hlutlægar og sanngjarnar ástæður séu fyrir mögulegri mismunun og hvort óskum og þörfum hvors kyns fyrir sig sé mætt á jafnréttisgrundvelli

Í fjórða skrefi í aðferð Klatzers eru þróaðir mælikvarðar sem hægt er að nota til að mæla framvindu í jafnréttisátt og í því fimmta er farið yfir aðgerðir sem þörf er á til að leiðrétta kynjaskekkju, ef hún finnst.

## 2. Fyrsta skref: Inngangur

Í þessum kafla verður verkefninu lýst í heild sinni. Markmið verkefnisins verða skoðuð ásamt markhópi og gerð grein fyrir fjárhagslegu umfangi verkefnisins.

Þetta verkefni byggir á tölulegum upplýsingum fyrir árið 2010. Í kafla 3 verður fjallað um kynin almennt og skoðaðar upplýsingar sem gætu varpað ljósi á það hvort hagsmunir og þarfir kynjanna séu mismunandi. Kynjaskipting í þjóðfélaginu verður skoðuð, kynjaskipting í barnaverndarmálum og hvernig umsóknir um úrræðin skiptast á hvort kyn fyrir sig. Þá verður einnig skoðað hlutfall samþykktra umsókna fyrir hvort kyn fyrir sig. Kynjasjónarmið verða greind í kafla 4 með því að skoða kynjaskiptingu barna á meðferðarheimilum og í MST. Kynjaskipting starfsmanna og þeirra sem koma að ákvarðanatöku varðandi umsóknir verður einnig skoðuð. Meðferðartími hjá hvoru kyni á árinu 2010 verður greindur ásamt útgjöldum til málaflokksins. Niðurstöður verða metnar út frá kynjasjónarmiðum og niðurstöður úr hverju verkefni fyrir sig verða skoðaðar og bornar saman út frá markmiði verkefnisins.

Á árinu 2010 störfuðu alls 30 barnaverndarnefndir á Íslandi (Barnaverndarstofa, 2011a). Einungis barnaverndarnefndir geta sótt um meðferðarúrræði til Barnaverndarstofu. Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 kemur m.a. fram að „*barnaverndaryfirvöld skulu eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til annarra úrræða. Þau skulu jafnframt ávallt miða við að beitt sé vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt*“ (bls. 1). Þá kemur einnig fram í barnaverndarlögunum að þau heimili og stofnanir skulu:

„a. veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika,

b. greina vanda barna sem talin eru þurfa sérhæfða meðferð,

c. veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota.“ (bls. 16)

Því er hér verið að fjalla um ítrustu úrræði barnaverndarnefnda.

### 2.1 Lýsing á verkefni

Verkefnið er þrjú þar sem þrjú úrræði Barnaverndarstofu voru skoðuð. Í fyrsta lagi meðferðarheimilin, í öðru lagi meðferðardeild Stuðla og í þriðja lagi Fjölkorfameðferðin MST. Hér verður gerð nánari grein fyrir þessum úrræðum.

#### **Meðferðarheimili Barnaverndarstofu.**

Á árinu 2010 voru fimm meðferðarheimili starfandi, þar af voru einungis tvö starfandi allt árið, meðferðarheimilið Háholt og meðferðarheimilið Laugaland. Meðferðarheimilið Háholt er staðsett í Skagafirði, þar eru rými fyrir 4-5 börn og er ætlað báðum kynjum. Meðferðarheimilið Laugaland er staðsett í Eyjafirði. Þar eru rými fyrir 6-8 stúlkur, auk þess sem þar var starfrækt sérúrræði fyrir eitt barn fram í júlí 2010.

Meðferðarheimilið Lækjarbakki tók til starfa í ágúst 2010 og er það á Rangárvöllum. Heimilið er með rými fyrir 6 börn og er ætlað báðum kynjum. Meðferðarheimili Götusmiðjunnar í Brúarholti var starfrækt fram í júní 2010, en þar voru rými fyrir 13 börn ætluð báðum kynjum.

Meðferðarheimilið Árbót hætti starfsemi 1. júlí 2010, en þar voru rými fyrir 6 börn ætluð báðum kynjum. Á árinu 2010 dvöldu 75 börn á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu, þar af eitt í sérúrræði, sem ekki verður nánar fjallað um í þessari skýrslu.

### **Meðferðardeild Stuðla.**

Á meðferðarstöð ríkisins, Stuðlum, fer fram tvenns konar starfsemi. Annars vegar er greiningar- og meðferðardeild og hins vegar lokuð deild (neyðarvistun), þar sem börn eru vistuð að hámarki í 14 daga í þeim tilgangi að stöðva óæskilega eða varhugaverða hegðun barns.

Í þessu verkefni er verið að skoða greiningar- og meðferðardeild Stuðla. Þar eru rými fyrir 8 unglunga í senn á aldrinum 12-18 ára og miðað er við að meðferðartími sé um 8 vikur. Á árinu 2010 dvöldu 48 börn á meðferðardeild Stuðla.

### **Fjölkerfameðferð (MST).**

Frá því í nóvember 2008 hefur fjölkerfameðferð (MST) verið í boði fyrir börn á aldrinum 12 – 18 ára sem búa á suðvesturhorni landsins og glíma við alvarlegan hegðunarvanda. Meðferðin fer fram á heimilum fólks. Fjölkerfameðferðin snýr að fjölskyldum unglunga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Nýtt MST meðferðarteymi tók til starfa í mars 2010 og fjölgaði þerapistum þá úr fjórum í sex. MST meðferðin varir í 3 – 5 mánuði og ætla má að MST-teymin geti sinnt um 60 – 80 fjölskyldum á ári. Á árinu 2010 fengu 67 börn og fjölskyldur þeirra meðferð í þessu úrræði.

## **2.2 Markmið verkefnis**

Eins og fram hefur komið felst verkefni Barnaverndarstofu í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð í því að skoða stöðu kynjanna í þremur úrræðum Barnaverndarstofu, bæði hvað varðar umsóknir, nýtingu úrræðanna og greiningu á útgjöldum, kynjaskiptingu starfsmanna og þeirra sem koma að ákvarðanatöku varðandi úrræðin.

Markmið verkefnisins er að skoða hvort hagsmunum og þörfum beggja kynja sé mætt á jafnréttisgrundvelli og hvort hlutlægar og sanngjarnar ástæður séu fyrir mögulegum mismun. Leitast verður við að leggja mat á hvort kynjaskipting barna í meðferð í úrræðum Barnaverndarstofu endurspeglir raunverulega þörf hvors kyns fyrir sig með því að skoða þá þætti sem lýst hefur verið hér í inngangi.

Eins og fram hefur komið þá er hér aðallega verið að skoða tölulegar upplýsingar fyrir árið 2010, en þær geta aðeins gefið upplýsingar um stöðuna fyrir það ár. Til þess að skoða þróun í þessum málaflokki þarf að skoða tölulegar upplýsingar yfir lengra tímabil. Verkefnið gæti því gefið tilefni til að skoða þessa þætti enn frekar í framtíðinni og vinna þannig áfram að því að tryggja hagsmuni og þarfir beggja kynja.

## **2.3 Markhópur og fjárhagslegt umfang verkefnisins**

Markhópurinn í þessu verkefni eru börn sem sótt er um meðferð fyrir í MST, á Stuðla og á meðferðarheimili Barnaverndarstofu. Einnig verður skoðuð kynjaskipting barna almennt í þjóðfélaginu, kynjaskipting í barnaverndarmálum og kynjaskipting í þeim úrræðum sem hér



er fjallað um. Markhópurinn eru einnig starfsmenn í þeim úrræðum sem hér er fjallað um og þeirra sem koma að ákvarðanatöku varðandi umsóknir um fyrrnefnd úrræði.

Fjárhagslegt umfang verkefnisins var 63,5 % af fjárlögum stofnunarinnar á árinu 2010. Af því fór tæplega 61% til meðferðarheimilanna, um 23% á meðferðardeild Stuðla og rúmlega 16% í MST.

### 3. Annað skref: Hver eru kynjasjónarmiðin?

Í þessum kafla verður staða stúlkna og drengja skoðuð með það að markmiði að skoða hvort hagsmunir og þarfir kynjanna séu mismunandi. Til að leggja mat á það hvort aðgangur kynjanna að þeim úrræðum sem hér er fjallað um er jafn út frá hagsmunum þeirra og þörfum, þarf að skilgreina þarfir hvors kyns fyrir sig. Það verður gert m.a. með því að skoða upplýsingar um kynjaskiptingu barna í þjóðfélaginu, kynjaskiptingu barna í barnaverndarmálum og kynjaskiptingu umsókna um þau úrræði sem fjallað er um.

#### 3.1 Kynjaskipting almennt

Í töflu 1 kemur fram fjöldi barna yngri en 18 ára, en skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands, 2011a) voru drengir undir 18 ára aldri fleiri en stúlkur, eða 51.1% af börnum yngri en 18 ára árið 2010.

**Tafla 1 Kynjaskipting barna 0-18 ára á Íslandi árið 2010**

Kyn	Fjöldi	Hlutfall
Stúlkur	39.491	48,9
Drengir	41.191	51,1
Samtals	80.682	100,0

Í töflu 2 má sjá kynjaskiptingu í aldurshópnum 11 til og með 14 ára (Hagstofa Íslands, 2011b). Þar kemur fram að drengir eru fleiri en stúlkur. Það sama á við í aldurshópnum 15 ára til og með 17 ára (Hagstofa Íslands, 2011c)

**Tafla 2 Kynjaskipting barna 11-14 ára og 15-17 ára á Íslandi árið 2010**

Kyn	Fjöldi (11-14 ára)	Hlutfall (11-14 ára)	Fjöldi (15-17 ára)	Hlutfall (15-17 ára)
Stúlkur	8.558	48,6	6.936	48,9
Drengir	9.057	51,4	7.252	51,1
Samtals	17.615	100,0	14.188	100,0

## 3.2 Kynjaskipting í barnaverndarmálum

Fjöldi barnaverndarmála árið 2010 liggur ekki fyrir, en skv. ársskýrslu Barnaverndarstofu fyrir árið 2009 (Barnaverndarstofa, 2011a) var heildarfjöldi barna sem barnaverndarnefndir á Íslandi höfðu til meðferðar 4.147 börn. Þar kemur fram að hlutfall drengja er hærra en stúlkna eða 53,3%, sem er meiri kynjamunur en hjá kynjunum almennt í þjóðfélaginu (sjá töflu 3).

**Tafla 3 Fjöldi barnaverndarmála árið 2009**

Kyn	Fjöldi	Hlutfall
Stúlkur	1.926	46,4
Drengir	2.209	53,3
Samtals	4.147 <sup>1</sup>	99,7

<sup>1</sup> Þar af ófædd börn 12

Aldurshópurinn 11-17 ára var tæplega helmingur allra barnaverndarmála árið 2009 eða 49,8%. Þegar aldurshópurinn 11-14 ára og 15-17 ára er skoðaður sérstaklega þá kemur það sama í ljós, hlutfall drengja er hærra en stúlkna (sjá töflu 4). Þegar þetta er borið saman við kynjahlutföll almennt í þessum sama aldurshópi þá má sjá að hlutfall drengja í aldurshópnum 11-14 ára er meiri en almennt í þjóðfélaginu.

**Tafla 4 Fjöldi barnaverndarmála árið 2009 - aldurskipt**

Kyn	Fjöldi (11-14 ára)	Hlutfall (11-14 ára)	Hlutfall (11-14 ára) <sup>1</sup>	Fjöldi (15-17 ára)	Hlutfall (15-17 ára)	Hlutfall (15-17 ára) <sup>1</sup>
Stúlkur	484	45,0	11,7	468	47,3	11,3
Drengir	591	55,0	14,3	521	52,7	12,6
Samtals	1.075	100	26,0	989	100	23,9

<sup>1</sup> Af heildarfjölda barnaverndarmála árið 2009

## 3.3 Kynjaskipting umsókna um úrræði

Barnaverndarstofu bárust 218 umsóknir um þau úrræði sem hér er verið að fjalla um, um 38% fyrir stúlkur og um 62% fyrir drengi. Á árinu 2010 barst 71 umsókn um meðferðarheimili, 70 umsóknir um Stuðla og 77 umsóknir um MST (Barnaverndarstofa, 2011b). Í töflu 5 má sjá hvernig umsóknirnar skiptast á milli kynja eftir úrræðum. Drengir eru í meirihluta þeirra sem sótt er um fyrir, 57,7% hvað varðar meðferðarheimili, 68,6% vegna Stuðla og 59,7% í MST.

**Tafla 5 Kynjaskipting umsókna um meðferðarheimili, Stuðla og MST fyrir árið 2010**

	Meðferðarheimilin		Stuðlar		MST	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stúlkur	30	42,3	22	31,4	31	40,3
Drengir	41	57,7	48	68,6	46	59,7
Samtals	71	100,0	70	100,0	77	100,0

Þegar kynjamunur í þessum sömu úrræðum er skoðaður s.l. 5 ár kemur í ljós að árið 2005 var munurinn nálægt því sem hann var árið 2010 en þá var hlutfall umsókna fyrir drengi 61% og hlutfall umsókna fyrir stúlkur 39%. Árin 2006-2009 voru umsóknir fyrir drengi einnig fleiri en fyrir stúlkur og var kynjamunurinn frá rúmlega 9% upp í rúmlega 15%.

Í töflu 6 má sjá niðurstöður umsókna árið 2010 í fyrrgreind úrræði. Þar kemur fram að meirihluti umsókna er samþykktur og hlutfall samþykktra umsókna sem ekki eru dregnar tilbaka er rúmlega 70%. Umsóknum getur verið synjað vegna ófullnægjandi gagna, röksemda eða upplýsinga eða vegna þess að þær uppfylla ekki þau viðmið sem meðferðinni eru sett. Hluti umsókna er einnig dreginn tilbaka, sumar eftir að hafa hlotið samþykki. Í sumum tilfellum getur verið um að ræða að umsókn er dregin tilbaka þegar lagt er til að sótt verði um annað úrræði og berst þá ný umsókn.

**Tafla 6 Niðurstæða umsókna - kynjaskipt**

	Meðferðarheimilin			
	Samþykkt	Samþykkt/ dregið tilbaka	Dregið tilbaka/hafnað	Hlutfall samþykktra umsókna <sup>1</sup>
Stúlkur	22	2	6	73,3
Drengir	31	2	8	75,6
Samtals	53	4	14	74,6

<sup>1</sup>Hlutfall samþykktra umsókna sem ekki eru dregnar tilbaka, af heildarfjölda umsókna.

	Stuðlar			
	Samþykkt	Samþykkt/ dregið tilbaka	Dregið tilbaka/hafnað	Hlutfall samþykktra umsókna <sup>1</sup>
Stúlkur	18	0	4	81,8
Drengir	33	3	12	68,8
Samtals	51	3	16	72,9

<sup>1</sup>Hlutfall samþykktra umsókna sem ekki eru dregnar tilbaka, af heildarfjölda umsókna.

	MST			
	Samþykkt	Samþykkt/ dregið tilbaka	Dregið tilbaka/hafnað	Hlutfall samþykktra umsókna <sup>1</sup>
Stúlkur	19	3	9	61,3
Drengir	35	1	10	76,1
Samtals	54	4	19	70,1

<sup>1</sup>Hlutfall samþykktra umsókna sem ekki eru dregnar tilbaka, af heildarfjölda umsókna.

	Allar umsóknir		
	Fjöldi umsókna	Samþykktar umsóknir	Hlutfall samþykktra umsókna <sup>1</sup>
Stúlkur	83	59	71,1
Drengir	135	99	73,3
Samtals	218	158	72,5

<sup>1</sup>Hlutfall samþykktra umsókna sem ekki eru dregnar tilbaka, af heildarfjölda umsókna.

Hlutfall samþykktra umsókna um meðferðarheimili, sem ekki voru dregnar tilbaka er rúmlega 73% fyrir stúlkur og tæplega 76% fyrir stráka. Hvað varðar Stuðla þá er hlutfall þessara umsókna tæplega 82% fyrir stúlkur og tæplega 69% fyrir drengi. Samþykktar umsóknir í

MST eru rúmlega 61% fyrir stúlkur og rúmlega 76% fyrir drengi. Ef allar umsóknir eru skoðaðar þá kemur í ljós að hlutfall samþykkrtra umsókna er svipað fyrir bæði kynin, eða rúmlega 70%. Í öllum tilvikum eru umsóknir fleiri fyrir drengi en stúlkur eins og fram kemur í töflu 6.

Hér hafa verið skoðaðar upplýsingar almennt um kynjaskiptingu í þjóðfélaginu á árinu 2010 og kynjaskiptingu í barnaverndarmálum árið 2009 og umsóknir til Barnaverndarstofu um fyrrgreind úrræði á árinu 2010. Fram hefur komið að hlutfall drengja er hærra en stúlkna bæði almennt í þjóðfélaginu og í barnaverndarmálum. Þá berast fleiri umsóknir fyrir drengi um úrræði Barnverndarstofu. Ef kynjaskipting þeirra barna sem koma í neyðarvistun á Stuðla er skoðuð þá kemur í ljós að á árinu 2010 komu 62 drengir og 40 stúlkur. Drengir komu oftast en þeir komu í 154 skipti en stúlkur í 99 skipti (Barnaverndarstofa, 2011b).

Fram kemur í rannsókninni Ungt fólk 2009 (Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2009) sem skoðar m.a. vímuefnaneyslu nemenda í 8. 9. og 10. bekk grunnskóla, að vímuefnaneyslu unglunga hefur dregist saman frá árinu 1997. Ef kynjamunur er skoðaður þá kemur fram að árið 2009 voru 26% stráka og 29% stelpna sem sögðust hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftast um ævina. Í 9 og 10. bekk voru 11% stráka sem sögðust hafa orðið ölvuðir einu sinni eða oftast sl. 30 daga og var það hlutfall hjá stúlkum 15%. Í rannsókninni kemur einnig fram að þegar spurt er um hvort nemendur í 9. og 10. bekk grunnskóla hafi notað hass einu sinni eða oftast um ævina þá voru það 6% stráka og 3% stelpna. Niðurstöður þessarar könnunar benda því til þess að stúlkur í 8. 9. og 10. bekk grunnskóla neyti oftast afengis en drengir, en drengir í 9. og 10. bekk hafi oftast notað hass einu sinni eða oftast um ævina. Þegar vímuefnaneysla þeirra unglunga sem koma á meðferðardeild Stuðla er skoðuð s.l. átta ár koma ekki fram vísbendingar um stórvægilegar breytingar, en þar sem neyslan eykst er oftast um að ræða eldri unglunga. (Barnaverndarstofa, 2011c). Þar kemur m.a. fram að fleiri strákar misnota afengi og kannabisefni en fleiri stúlkur misnota amfetamín, kókaín og læknislyf. Hlutfallsleg aukning varð á afengisneyslu stráka en hjá stelpum minnkaði ofnotkun afengis. Yfir árin var amfetamín- og kókaínneysla meiri hjá stúlkum en strákum en hvað varðar kannabisneyslu þá jókst hún meðal 16-18 stráka en dregst saman meðal stelpna.

Í ársriti SÁÁ 2007-2009 eru upplýsingar um fjölda unglunga 17 ára og yngri á sjúkrahúsinu Vogu árin 1993-2009. Þar kemur fram að fjöldi drengja er meiri en stúlkna öll árin ef árin 1995, 2001 og 2007 eru undanskilin, en þá voru fleiri stúlkur sem komu í meðferð (SÁÁ, 2010).

Jafnréttismarkmiðið er að kynin hafi jafnan aðgang að meðferð miðað við hagsmuni sína og þarfir. Rannsóknir hafa sýnt að þótt kynin sýni í mörgum tilfellum sömu einkenni hvað varðar áhættuhegðun, þá er einnig munur þar á (Andreassen, T., 2003). Erlend rannsókn sýnir að afbrotahæðun er algengari hjá drengjum, en algengara er að stúlkur sýni einkenni um depurð á unglingsárunum en drengir og einnig að þær eru oftast misnotaðar kynferðislega. Þá kemur fram í annari rannsókn að í grunnskóla sýna stúlkur 2-4 sinnum sjaldnar áráshæðun og andfélagslega hegðun en drengir (Pepler, D.J., Madsen K.C., Webster C., Levene K.S., 2005). Einnig hefur komið fram vísbendingar um að ótrygg tengsl við foreldra hafi meiri áhrif á það hvort stúlkur sýni áráshæðun en drengir.

Algengara er að karlmenn séu kærðir fyrir afbrot en konur. Þetta kemur fram í afbrotatölfræði lögreglunnar (Ríkislögreglustjórnin, 2010). Meirihluti þeirra sem voru kærðir árið 2009 voru karlar en það hefur ekki breyst frá fyrri árum. Einnig voru fleiri karlar en konur kærðir fyrir

fleira en eitt brot. Hvað varðar kynferðislega misnotkun þá sýna tölur úr Barnahúsi að hlutfall stúlkna hefur alveg frá stofnun þess árið 1998 verið hærra en drengja (Barnaverndarstofa, 2011a). Á árinu 2010 voru 148 stúlkur sem komu í rannsóknarviðtöl í Barnahús en 75 drengir (Barnaverndarstofa, 2011b). Á árinu 2009 var 101 stúlka í greiningar og meðferðarviðtölum í Barnahúsi en 15 drengir (Barnaverndarstofa, 2011a).

Fram hefur komið að áhættuhegðun og birtingarmynd vanda kynjanna getir verið mismunandi t.d. kynferðislega misnotkun, vímuefnaneyslu og afbrot.

Þessar tölulegu upplýsingar sem hafa verið skoðaðar hér geta gefið tilefni til þess að ætla að drengir séu í meiri þörf en stúlkur fyrir meðferð í þeim úrræðum sem hér er fjallað um. Hins vegar vekur það upp spurningu hvers vegna munurinn á kynjaskiptingunni er meiri á árinu 2010 en s.l. ár að árinu 2005 undanskildu.

## **4. Þriðja skref: Greining á kynjasjónarmiðum**

Í þessum hluta fer hin eiginlega greining fram. Klatzer setur ekki upp leiðbeiningar um hvernig á að greina stefnur, útgjöld, tekjur eða þjónustu. Hér verður því byggt á 3R aðferðinni (Norwegian ministry of children and equality, 2007).

Aðferðin byggir á því í fyrsta lagi að skoða hvort munur sé á því hverjir nota tiltekna þjónustu. Það verður gert með því að skoða kynjaskiptingu þeirra sem nýta úrræðin. Einnig verður skoðað hversu margar konur og hversu margir karlar vinna við þjónustuna og koma að ákvarðanatöku varðandi fyrrgreind úrræði. Í öðru lagi verður skoðað hversu langur meðferðartími er hjá hvoru kyni fyrir sig og hvernig gæðum (peningum, plássu og tíma) er skipt milli kynjanna. Í þriðja lagi verður reynt að leggja mat á hvort aðstæðum, hagsmunum og þörfum stúlkna og drengja sé mætt á jafnréttisgrundvelli og hvort hlutlægar og sanngjarnar ástæður séu fyrir mögulegum mismun.


### **4.1 Kynjaskipting barna á meðferðarheimilum og í MST**

Á árinu 2010 voru 74 börn á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu, 48 börn á Stuðlum og 67 sem fengu meðferð hjá MST. Hér er um fjölda einstaklinga að ræða á hverju heimili fyrir sig, en sama barnið gæti farið á fleiri en eitt meðferðarheimili eða einnig í MST innan tiltekins árs. Hér kemur fram að nokkuð fleiri drengir voru á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á árinu 2010, en hlutfall þeirra var 58,1%. Á Stuðlum var hlutfall drengja 70,8% á árinu 2010 og hlutfall drengja í MST meðferð var 64,2%. Í töflu 7 og á mynd 1 má sjá að drengir eru í meirihluta þeirra barna sem nýta meðferðarúrræði Barnaverndarstofu á árinu 2010. Hafa ber þó í huga að hér er aðeins verið að skoða eitt tiltekið ár og því mikilvægt að skoða kynjaskiptinguna yfir lengri tíma.

**Tafla 7 Kynjaskipting barna á meðferðarheimilum og MST<sup>1</sup>**

	Meðferðarheimilin		Stuðlar		MST	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stúlkur	31	41,9	14	29,2	24	35,8
Drengir	43	58,1	34	70,8	43	64,2
Samtals	74	100,0	48	100,0	67	100,0

<sup>1</sup>Fjöldi einstaklinga í meðferð á árinu, sum börn geta komið oftast en einu sinni og sum innskrifast árið á undan.



## 1 Kynjaskipting barna eftir úrræðum á árinu 2010

Ef kynjaskipting barna í sömu meðferðarúrræðum s.l. 5 ár er skoðuð kemur í ljós að drengir hafa oftast verið í meirihluta þeirra sem fara í meðferð. Kynjamunurinn á meðferðarheimilum hefur verið frá rúmlega 3% upp í tæplega 21%, drengir hafa verið fleiri en stúlkur öll árin. Mestur var munurinn árið 2006, en minnstur á árinu 2009. Hvað varðar meðferðardeild Stuðla hefur kynjamunurinn s.l. 5 ár verið mestur 26,5% árið 2005, fyrir utan árið 2010 eins og fram hefur komið. Árin 2006-2009 voru kynjahlutföll nokkuð jöfn þó voru fleiri drengir árið 2008. MST meðferð hófst á síðari hluta ársins 2008 og það ár var hlutfall drengja 77%. Árið 2009 var hlutfall drengja í MST meðferð 66% og árið 2010 rúmlega 64%. Hlutfall stúlkna hefur því aukist í MST meðferð.

## 4.2 Ákvörðunarferli og samsetning starfsmanna

Við lok árs 2009 voru starfsmenn barnaverndarnefnda 116 í rúmlega 80 stöðugildum (Barnaverndarstofa, 2011a) Ekki liggur fyrir kynjaskipting hjá starfsmönnum barnaverndarnefnda, en telja má að meirihluti þeirra sé konur. Margir af þeim sem vinna við barnavernd eru menntaðir félagsráðgjafar, en um 6% félagsráðgjafa með starfsréttindi eru karlmenn (Félagsráðgjafafélag Íslands, 2011).

Í starfsmannahandbók Barnaverndarstofu kemur fram að „Barnaverndarstofa mun hafa jafnrétti kynjanna í huga við alla stefnumótun, ákvarðanatöku og áætlanagerð á vegum stofnunarinnar og undirstofnunar. „Stefna Barnaverndarstofu er að hver starfsmaður verði

*metinn á eigin forsendum og að gætt skuli fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla svo að mannauður stofnunarinnar nýtist sem best“ (Barnaverndarstofa: 2006 bls 137 ).*

Í lok árs 2010 störfuðu 12 manns á skrifstofu Barnaverndarstofu, átta konur og fjórir karlmenn. Þau sem koma að ákvarðanatöku vegna umsókna um meðferð mynda meðferðar- og fóstursvið Barnaverndarstofu. Í því eru tvær konur og tveir karlar frá Barnaverndarstofu auk forstöðumanns Stuðla sem er kona og tveimur teymisstjórum í MST sem eru karl og kona.

Í eftirfarandi töflu má sjá kynjaskiptinu starfsmanna á þeim meðferðarheimilum Barnaverndarstofu sem nú eru starfandi (Laugaland, Háholt og Lækjarbakki), á Stuðlum og í MST fyrir árið 2010. Þar kemur fram að á meðferðarheimilunum er hlutfall karlkyns starfsmanna hærra eða 65,1%. Á Stuðlum eru karlmenn einnig í meirihluti starfsmanna eða 58,8%, en í MST eru konur 75 % starfsmanna.

**Tafla 8 Kynjaskipting starfsmanna á meðferðarheimilum og í MST <sup>1</sup>**

	Meðferðarheimilin		Stuðlar		MST	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Konur	15	34,9	7	41,2	6	75,0
Karlar	28	65,1	10	58,8	2	25,0
Samtals	43	100,0	17 <sup>2</sup>	100,0	8 <sup>2</sup>	100,0

<sup>1</sup>Hér er um heildarfjölda þeirra starfsmanna sem kom að starfi meðferðarheimilanna, en ekki fjölda stöðugilda.

<sup>2</sup>5 starfsmenn (3 karlar og 2 konur) voru einnig starfsmenn neyðarvistunar á Stuðlum. Á meðferðardeild stöfuðu því karlar í 8,5 stöðugildum (58,6%) og konur í 6 stöðugildum (41,4)%.

<sup>3</sup>Í MST starfa sex þerapistar, þar af 5 konur. Tveir teymisstjórar eru í MST einn karl og ein kona.

Í rannsókn Bryndísar S. Guðmundsdóttur (Bryndís S. Guðmundsdóttir, 2010) um viðhorf starfsmanna á stofnunum barnaverndaryfirvalda til eigin starfs kemur fram kynjaskipting starfsmanna á stofnunum Reykjavíkurborgar og á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu. Þar kemur fram að haustið 2009 voru konur 28% starfsmanna á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu og á Stuðlum, en 76% hjá stofnunum Reykjavíkurborgar. Skoðuð var kynjaskipting eftir fjölda starfsmanna en ekki stöðugilda. Í heildina voru konur 41% af þessum starfsmönnum. Fram kemur í rannsókninni að hugsanlega megi skýra þennan mun með aldri þeirra barna sem vistuð eru. Á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu eru eingöngu vistaðir unglingar en hjá Reykjavíkurborg er einnig um að ræða vistanir á yngri börnum t.d. á Vistheimili barna. Fram kemur að: „Það mætti því draga þá ályktun að karlar sæki frekar í að vinna með unglingum eða að það sé frekar sóst eftir þeim til þeirra starfa. Þó að það sé krefjandi að vinna með öll börn sem eiga í erfiðleikum,...“ (Bryndís S. Guðmundsdóttir: 2010 bls. 25).

Það eru því fleiri karlmenn sem vinna á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu, en fleiri konur sem vinna að meðferð sem veitt er fjölskyldum á heimilum þeirra. Í erlendra rannsókn hefur komið fram að stúlkur sem eru í meðferð telja mikilvægt að hluti starfsmanna sé konur, sérstaklega stúlkur sem hafa orðið fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi (Andreassen, T. 2003). Ekki er ólíklegt að það eigi við um íslenskar stúlkur, en á meðferðarheimilinu Laugalandi sem eingöngu er fyrir stúlkur er hlutfall kvenna sem starfa við meðferðarheimilið hærra en á öðrum meðferðarheimilum en þar voru konur tæplega 50% starfsmanna.

Hvað varðar ákvarðanatöku þá er kynjaskipting þeirra sem koma að ákvarðanatöku vegna umsókna nokkuð jöfn, en líklegt má telja að meirihluti þeirra sem sækja um meðferðarúræðin og eru starfsmenn barnaverndarnefnda séu konur.

### 4.3 Greining á meðferðartíma og útgjöldum

Hér verður skoðaður meðferðartími hjá hvoru kyni fyrir sig á árinu 2010. Einnig verður skoðaður meðalmeðferðartíminn, en það er meðferðartími þeirra einstaklingar sem útskrifuðust úr meðferð á árinu 2010. Þá verður gerð grein fyrir því hvernig útgjöld skiptast á hvort kyn eftir dvalartíma á árinu 2010.

Í samræmi við fjölda stúlkna og drengja sem eru í fyrrnefndum úrræðum er fjöldi meðferðardaga á árinu 2010 minni hjá stúlkum en drengjum (sjá töflu 9). Hlutfall meðferðardaga á meðferðarheimilum hjá stúlkum var 45.1%, en hlutfall stúlkna sem voru í meðferð var 41.9%. Á Stuðlum var hlutfall meðferðardaga hjá stúlkum 30,1%, en hlutfall stúlkna í meðferð 29,2% Í MST var hlutfall meðferðartíma hjá stúlkum 35,7%, en hlutfall stúlkna í meðferð á árinu 2010 35,8 %.

**Tafla 9 Meðferðartími - kynjaskipt eftir úrræðum<sup>1</sup>.**

	Meðferðarheimilin		Stuðlar		MST	
	Fjöldi daga	Hlutfall	Fjöldi daga	Hlutfall	Fjöldi daga	Hlutfall
Stúlkur	2661	45,1	686	30,1	2349	35,7
Drengir	3244	54,9	1595	69,9	4239	64,3
Samtals	5905	100,0	2281	100,0	6588	100,0

<sup>1</sup>Dvalartími/meðferðartími á árinu 2010. Hlutfall af raunfjölda vistunardaga

Á árinu 2010 útskrifuðust 26 börn af meðferðarheimilunum Árbót, Laugalandi, Háholti og Lækjarbakka. Meðalmeðferðartími hjá þeim börnum var 162 dagar, en meðalmeðferðartíminn hjá stúlkum var lengri en hjá drengjum eða 218 dagar hjá stúlkum og 130 dagar hjá drengjum (sjá töflu 10 og mynd 2). Í ársskýrslu Barnaverndarstofu 2006-2007 (Barnaverndarstofa 2008) er greint frá niðurstöðum ASEBA-lista í umsóknum um sérhæfð úrræði sbr. XIII kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002. Um er að ræða matslista sem mæla ýmsa ytri og innri þætti er varða líðan og hegðun barna og byggja á svörum frá börnunum, forsjáradílum og kennurum. Þar kemur m.a. fram að heildarvandi barna sem sótt er um meðferð fyrir er meiri en gengur og gerist hjá börnum almennt og að frávik eru meiri meðal stúlkna en drengja. Einnig kemur fram að ekki er marktækur munur á kynjunum þegar þátturinn „hegðun“ er skoðaður en hins vegar kemur fram að frávik eru meiri meðal stúlkna en drengja þegar þættirnir „líðan“ og „heildarvandi“ eru skoðaði og er munurinn þar marktækur. Þar kemur m.a. fram:

*„ Athygli vekur að stúlkur mælast með marktækt hærri skor en drengir á þáttunum „kvíði/þunglyndi“, „líkamlegar kvartanir“, „athyglisvandi“ og „brjóta boð og bönn“. Rétt er að túlka þann mun sem reynist vera á milli kynjanna með nokkurri varúð. Þær vísbendingar sem koma fram geta gefið til kynna að mat á frávikum í hegðun barna geti að einhverju leyti endurspeglad samfélagslegt gildismat eftir kynjum. Með öðrum orðum, að vandi barna sem barnaverndarnefndir fást við sé ekki einungis metinn eftir eðli og þyngdarstigi, heldur skipti máli hvort um dreng eða stúlku er að ræða ... Hér mætti leiða hugann að því hvort of mikil „áhersla“ kunni að vera á hegðunarþáttum en ekki hugað nægilega að innri líðan skjólstaðinganna“. (Barnaverndarstofa: 2008: bls 60-61).*



Meðferðartími á Götusmiðjunni er ekki sambærilegur við önnur meðferðarheimili og er því ekki reiknaður inn í meðalmeðferðartíma á meðferðarheimilum. En ef meðferðartími hjá þeim börnum sem útskrifuðust úr Götusmiðjunni er skoðaður kemur í ljós að 20 drengir og 13 stúlkur útskrifuðust á árinu 2010 og var meðalmeðferðartími 64 dagar hjá drengjum, en 38 dagar hjá stúlkum. Á Stuðlum útskrifuðust 53 börn og var meðalmeðferðartími hjá drengjum 55 dagar, en hjá stúlkum 49 dagar. Í MST luku 50 börn meðferð á árinu 2010 og var meðalmeðferðartími 129 dagar hjá stúlkum og 126 dagar hjá drengjum. Hér sést að hjá þeim börnum sem útskrifuðust á árinu 2010 voru stúlkur að meðaltali lengur í meðferð en drengir þegar þau voru á meðferðarheimilum, en í Götusmiðjunni voru drengir að meðaltali lengur en stúlkur. Á Stuðlum og í MST er munur á meðalmeðferðartíma hjá kynjunum lítil.


Ekki er hægt að segja að lengri meðferð skili endilega betri árangri (Andreassen, T. 2003). Rannsóknir hafa sýnt að innihald meðferðar hafi áhrif á árangurinn, en ekki einungis meðferðartíminn eða sá kostnaður sem fer í meðferðina.

**Tafla 10 Meðalmeðferðartími - kynjaskipt eftir úrræðum<sup>1</sup>.**

	Meðferðarheimili <sup>2</sup>		Stuðlar		MST	
	Fjöldi daga	Lauk meðferð á árinu	Fjöldi daga	Lauk meðferð á árinu	Fjöldi daga	Lauk meðferð á árinu
Stúlkur	218	9	49	14	129	20
Drengir	130	17	55	30	126	30
Samtals	161	26	53	44	127	50

<sup>1</sup>Meðferðartími hjá þeim sem luku meðferð á árinu 2010.

<sup>2</sup>Hér er átt við meðferðarheimilin Árbót, Háholt, Laugaland og Lækjarbakka. Meðferðartími á Götusmiðjunni er ekki sambærilegur við þessi meðferðarheimili og er því ekki reiknaður inn í meðalmeðferðartíma á meðferðarheimilum



## 2 Meðalmeðferðartími í dögum eftir kyni og úrræðum á árinu 2010

Fram hefur komið að fjárhagslegt umfang verkefnisins var á árinu 2010 63,5% af fjárlögum Barnaverndarstofu. Af því er tæplega 61% sem fer til meðferðarheimilanna, um 23% á meðferðardeild Stuðla og rúmlega 16% í MST.

Þau úrræði sem hér er fjallað um eru öll ætluð báðum kynjum, nema meðferðarheimilið Laugaland þar sem rými er fyrir 6 stúlkur. Meðferðarúrræði sem ætluð eru báðum kynjum eru því tæplega 86% af heildarkostnaði við úrræðin, en rúmlega 14% fyrir úrræði eingöngu fyrir stúlkur. Þó getur það verið þannig í ákveðnum tilvikum vegna eðli vanda barnanna að taka þarf tillit til kynjasamsetningar þegar ákvarðanir eru teknar um vistun barna á heimilum ætluð báðum kynjum.

Í töflu 11 má sjá hvernig kostnaður skiptist á milli kynjanna á sama hátt og vistunardagar skiptast á milli kynjanna á árinu 2010 í þeim úrræðum sem hér er fjallað um.

**Tafla 11 Greining kostnaðar út frá kynjum**

	Meðferðarheimilin		Stuðlar		MST	
	Hlutf.	Kostnaður	Hlutf.	Kostnaður	Hlutf.	Kostnaður
Stúlkur	45,1	156.061.889	30,1	39.380.402	35,7	32.652.442
Drengir	54,9	189.973.341	69,9	91.451.499	64,3	58.810.981
Samtals	100,0	346.035.230	100,0	130.831.901	100,0	91.463.423

Einnig kemur fram í töflu 12 að þegar kostnaður per meðferðardag er skoðaður fyrir hvort kyn fyrir sig þá kemur í ljós að á árinu 2010 var kostnaður fyrir stúlkur hærri en drengi ef miðað er við fjölda vistunardaga á árinu 2010 fyrir hvort kyn fyrir sig og þau útgjöld sem fara í málaflokkinn.

**Tafla 12 Kostnaður miðaður við hvert barn og meðferðardag**

	Kostnaður	Fjöldi barna	Kostnaður pr barn	Fjöldi Meðferðadaga	Kostnaður pr meðferðadag
Stúlkur	228.094.733	69	3.305.721	5.696	40.045
Drengir	340.235.821	120	2.835.299	9.078	37.479
Samtals	568.330.554	189	3.007.040	14.774	38.468

## 4.4 Raunveruleikinn

Eins og fram hefur komið þá er jafnréttismarkmiðið að kynin hafi jafnan aðgang að meðferð miðað við hagsmuni sína og þarfir. Í þessum kafla hafa verið skoðaðar upplýsingar um kynjaskiptingu barna í þremur úrræðum Barnaverndarstofu. Þar kemur fram að kynjaskipting barnanna í úrræðunum er nokkuð í samræmi við kynjaskiptingu umsókna um úrræðin, sérstaklega hvað varðar meðferðarheimilin og Stuðla. Þess ber að geta að hér er verið að bera saman umsóknir sem bárust á árinu 2010 og þau börn sem voru í úrræðunum á árinu 2010. Umsóknir fyrir sum barnanna sem voru í úrræðum á árinu 2010 bárust árið á undan, og einnig má ætla að einhver þeirra sem sótt var um fyrir á árinu 2010 hafi hafið meðferð á árinu 2011. Drengir eru í meirihluta barna sem nýta þau úrræði Barnaverndarstofu sem hér er verið að fjalla um. Þá hefur komið fram að skv. upplýsingum frá þeim sem segja álit sitt á hegðun og

Líðan þeirra barna sem sótt er um meðferð fyrir er heildarvandi barnanna meiri en almennt hjá börnum og einnig kemur fram að frávík eru meiri meðal stúlkna en drengja. Þá kemur fram að mögulega sé of mikil áhersla lögð á þætti sem snúa að hegðun, en minna hugað að innri líðan þeirra barna sem sótt er um úrræði fyrir til Barnaverndarstofu (Barnaverndarstofa: 2008). Mögulega getur það skýrt að einhverju leyti þann kynjamun sem um er að ræða. Einnig hefur komið fram að hér er verið að skoða ýrtrustu úrræði barnaverndarnefnda en kanna þyrfti frekar kynjahlutalli í öðrum og vægari úrræðum til að leggja mat á aðstæðurnar.

Mikilvægt er að skoða hvernig kynjahlutfall í úrræðum Barnaverndarstofu er yfir lengra tímabil og þegar kynjahlutfall í úrræðunum er skoðað s.l. 5 ár kemur í ljós að drengir hafa verið í meirihluta þeirra sem nýtt hafa úrræðin. Þegar kynjamunurinn hvað varðar umsóknir og nýtingu úrræðana fyrir árið 2010 er borinn saman við árin á undan veur það upp spurningar hvort breytingar í samfélaginu valdi því að frekar er sótt um meðferðarúrræði fyrir drengi og að þeir fari frekar í meðferð en stúlkur. Mikilvægt er að skoða þessa þætti frekar til að leggja mat á það hvort aðstæður í þjófélaginu eða birtingarmynd vandans hjá börnum valdi því að málefni drengja komi frekar til meðferðar hjá barnaverndaryfirvöldum.

Þá hefur komið fram að ætla má að meirihluti starfsmanna barnaverndarnefnda sem taka ákvarðanir um það hvort sótt er um meðferðarúrræði til Barnaverndarstofu séu konur, en kynjaskipting þeirra sem koma að ákvarðanatöku hjá Barnaverndarstofu er nokkuð jöfn. Starfsmenn meðferðarheimila eru í meirihluta karlmenn. Hins vegar þegar kynjaskipting starfsmanna í MST meðferð er skoðuð þá eru það konur sem vinna þar í meirihluta. Kynjaskipting þeirra sem vinna við meðferðarúrræðin gæti skýrst að einhverju leyti af þeim aðstæðum sem skapast við meðferðarvinnuna eins og fram hefur komið (Bryndís S. Guðmundsdóttir, 2010). Það eru því fleiri karlmenn sem vinna á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu, en fleiri konur sem vinna að meðferð sem veitt er fjölskyldum á heimilum þeirra, sem skýrist m.a. af því að fáir karlmenn hafa sótt um starf við MST meðferðina.

Þegar meðferðartími í úrræðunum er skoðaður þá kemur í ljós að hlutfall meðferðardaga á árinu 2010 er nokkuð í samræmi við hlutfall kynjanna sem eru í úrræðunum. Þegar meðalmeðferðartími hjá hvoru kyni fyrir sig er skoðaður kemur í ljós að hann er nokkuð sambærilegur þegar meðferðardeild Stuðla er skoðuð og MST. Hins vegar þegar meðferðarheimilin eru skoðuð þá kemur í ljós að stúlkur eru að meðaltali lengur í meðferð en drengir. Því væri áhugavert að skoða frekar þennan mun yfir lengri tíma og hvaða þýðingu hann hefur fyrir hvort kyn fyrir sig.

Rannsóknir hafa sýnt að innihald meðferðar hafi áhrif á árangurinn, en ekki einungis meðferðartíminn eða kostnaður sem fer í meðferðina (Andreassen, T. 2003). Að þessu þarf að huga þegar ákvarðanir eru teknar um breytingar á meðferðarúrræðum eða þegar aukið fjármagn er lagt í málaflokkinn og skoða hvaða áhrif það hefur á hagsmuni og þarfir hvors kyns fyrir sig.

Niðurstöðurnar sýna að frekar er sótt um meðferð fyrir drengi og að fleiri drengir fara í meðferð en stúlkur. Hvað varðar jafnréttismarkmið þessa verkefnis má segja að miðað við þær tölulegu upplýsingar sem hér hafa verið skoðaðar þá geti verið eðlilegar og réttlátar ástæður fyrir mismun á kynjunum hér, sem skýrast m.a. af fleiri umsóknum fyrir drengi en stúlkur. Hins vegar þarf að kanna frekar hvort um raunverulega þörf hjá kynjunum sé að ræða og verður nánar vikið að því síðar. Einnig má leita skýringa á því hvers vegna munur á meðalmeðferðartíma kynjanna er eins og hann kemur fram hér og þeim breytingum sem verða á milli ára í þeirri meðferðarþörf sem fram hefur komið.

## 5. Fjórða og fimmta skref: Búa til kynjamiðaða mælikvarða og farið yfir aðgerðir

Í fjórða skrefi Dr. Elisabeth Klatzer sem hér er unnið eftir eru þróaðir mælikvarðar sem hægt er að nota til að mæla framvindu í jafnréttisátt og í því fimmta er farið yfir aðgerðir sem þörf er á til að leiðrétta kynjaskekkju, ef hún er til staðar.

Mikilvægt er að hafa í huga að hér hafa aðallega verið skoðaðar tölulegar upplýsingar fyrir árið 2010. En þegar kynjaskipting umsókna og nýtingu úrræðanna er skoðuð s.l. 5 ár gefur það tilefni til að skoða enn frekar hvað veldur þeim kynjamun sem þar kemur fram. Verkefnið gæti því gefið tilefni til að skoða þessa þætti enn frekar í framtíðinni og vinna áfram að því að tryggja hagsmuni og þarfir beggja kynja. Það væri hægt að gera með því í fyrsta lagi að fylgja eftir þeim tölulegum upplýsingum sem hér hefur verið fjallað um yfir lengra tímabil. Í öðru lagi mætti skoða árangur meðferðar fyrir hvort kyn fyrir sig og í þriðja lagi halda áfram að þróa mælikvarða sem enn frekar gætu gefið upplýsingar um hvort hagsmunum og þörfum kynjanna sé mætt á jafnréttisgrundvelli.

Kyngreindar upplýsingar liggja fyrir um umsóknir um meðferðarúrræði og þau börn sem fara í meðferðarúrræðin. Einnig eru til upplýsingar um kynjahlutfall í barnaverndarmálum. Barnaverndarstofa vinnur nú að því að kyngreina frekar þær upplýsingar sem barnaverndarnefndir skila inn til Barnaverndarstofu. Það á við um kynjaskiptingu heildarfjölda tilkynninga og kynjaskiptingu einstaklinga sem tilkynnt er um. Einnig um hlutfall kynjanna þegar ákvörðun er tekin um að hefja könnun í máli barns. Þannig verður hægt að leggja frekara mat á hvernig vandi kynjanna geti verið mismunandi t.d. hvað varðar fjölda tilkynninga fyrir hvort kyn fyrir sig. Stofnunin stefnir einnig að því að birta enn frekar þær kyngreindu upplýsingar sem til eru t.d. kynjaskiptingu barna sem fara í meðferðarúrræði og fóstur.

Með því að skoða hverju meðferðarúrræðin skila hvoru kyni fyrir sig væri hægt að leggja enn frekara mat á jafnréttismarkmið þessa verkefnis. Hvað varðar MST meðferðina, þá er þar verið að skoða árangur meðferðar reglulega sem gæti gefið upplýsingar um hverju meðferð skilar hvoru kyni fyrir sig. Hvað varðar meðferðarheimilin þá vinnur Barnaverndarstofa að því að gera könnun á afdrifum meðferðar á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu sem gæti þá varpað frekara ljósi á viðfangsefnið og skoða mætti þá hvernig munur á meðferðartíma á meðferðarheimilum hefur þar mögulega áhrif.

Það er mikilvægt að skoða áhættuhegðun unglunga út frá ýmsum hliðum og leggja mat á það hvernig birtingarmynd vandans er mismunandi eftir kynjum og hvort það hafi áhrif á hvort og hvenær sótt er um meðferðarúrræði til Barnaverndarstofu. Það að birtingarmynd vandans geti verið mismunandi eftir kynjum kallar á það að skoða hvort samfélagið bregðist á mismunandi hátt við vanda kynjanna, sem hafi áhrif á hvort og hvenær sótt er um meðferðarúrræði fyrir börn í vanda. Þetta er sérstaklega áhugavert þar sem kynjamismunur hefur verið breytilegur s.l. ár.

# Lokaorð

Markmið þessa verkefnis er að skoða hvort hagsmunum og þörfum beggja kynja sé mætt á jafnréttisgrundvelli og hvort hlutlægar og sanngjarnar ástæður séu fyrir mögulegum mismun þegar úrræði Barnaverndarstofu eru skoðuð. Það hefur verið gert með því að skoða stöðu kynjanna í þremur úrræðum Barnaverndarstofu, bæði hvað varðar umsóknir, nýtingu úrræðanna og greiningu á útgjöldum, kynjaskiptingu starfsmanna og þeirra sem koma að ákvarðanatöku varðandi úrræðin. Einnig hefur verið leitast við að leggja mat á hagsmuni hvors kyns fyrir sig með því að skoða aðra þætti svo sem kynjaskiptingu almennt, kynjaskiptingu í barnaverndarmálum og hvort áhættu hegðun kynjanna sé mismunandi.

Þegar umsóknarfjöldi árið 2010 er skoðaður, endurspeglar hann fjölda hvors kyns í úrræðunum, sérstaklega á meðferðarheimilunum og Stuðlum. Í MST var hlutfall stúlkna lítillaga lægra en hlutfall umsókna og gæti munurinn skýrst af því að fyrir sum barnanna sem eru í meðferð á árinu 2010 er sótt um fyrir á árinu 2009 og einnig að meðferð getur hafist á árinu 2011 hjá sumum börnum sem sótt er um fyrir á árinu 2010. Þegar meðferðartími í úrræðunum er skoðaður þá kemur í ljós að hlutfall meðferðardaga á árinu 2010 er nokkuð í samræmi við hlutfall kynjanna sem eru í úrræðunum. Þegar meðalmeðferðartími þeirra barna sem luku meðferð á árinu 2010 hjá hvoru kyni fyrir sig er skoðaður kemur í ljós að hann er nokkuð sambærilegur þegar meðferðardeild Stuðla er skoðuð og MST. Hins vegar þegar meðferðarheimilin eru skoðuð þá kemur í ljós að stúlkur eru að meðaltali lengur í meðferð en drengir.

Þegar kynjaskipting starfsmanna í úrræðunum og þeirra sem koma að ákvarðanatöku varðandi úrræðin er skoðuð þá kemur í ljós að fleiri karlmenn vinna á meðferðarheimilunum, en fleiri konur í MST meðferðinni. Minnstur er kynjamunurinn á því heimili sem eingöngu er fyrir stúlkur. Hvað varðar þá sem koma að ákvarðanatökunni þá er kynjaskipting á Barnaverndarstofu nokkuð jöfn, en ætla má að starfsmenn barnaverndarnefnda sé í meirihluta konur.

Hvað varðar jafnréttissjónarmið þessa verkefnis má segja að miðað við þær tölulegu upplýsingar sem hér hafa verið skoðaðar fyrir árið 2010 þá geti verið eðlilegar og réttlátar ástæður fyrir mismun á kynjunum. Mismunurinn gæti skýrst af meiri þörf drengja fyrir meðferð en m.a. hefur komið fram að hlutfall umsókna um meðferð hefur verið hærra fyrir drengi en stúlkur á árunum 2005-2010. Hins vegar vekur kynjamunur s.l. ára upp spurningar um hvort aðrar ástæður geti verið fyrir þeim mun sem fram kemur og til þess að geta lagt frekar mat á jafnréttismarkmið þessa verkefnis væri rétt að leita skýringa t.d. hvort þjóðfélagsaðstæður eða birtingarmynd vanda kynjanna geti skýrt þann mun frekar. Einnig að skoða kynjahlutföll í öðrum og vægari úrræðum, þar sem hér er einungis verið að skoða ýtrustu úrræðin. Það væri hægt að gera með því í fyrsta lagi að fylgja eftir þeim tölulegum upplýsingum sem hér hefur verið fjallað um yfir lengra tímabil. Í öðru lagi mætti skoða árangur meðferðar fyrir hvort kyn fyrir sig og í þriðja lagi að halda áfram að þróa mælikvarða sem enn frekar gætu gefið upplýsingar um hvort hagsmunum og þörfum kynjanna sé mætt á jafnréttisgrundvelli.

# Heimildir

Andreassen, T. (2003). *Behandling af ungdom i institusjoner; Hva siger forskningen?* Oslo: Kommuneforlaget AS.

*Barnaverndarlög nr. 80/2002*

Barnaverndarstofa. (2006) *Ársskýrsla 2004-2005*. Reykjavík : Barnaverndarstofa

Barnaverndarstofa. (2008) *Ársskýrsla 2006-2007*. Reykjavík : Barnaverndarstofa

Barnaverndarstofa. (2011a). *Ársskýrsla 2008-2009*. <http://bvs.is/files/file920.pdf>. (25.05.2011.)

Barnaverndarstofa. (2011b). *Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir árin 2009 og 2010*. <http://bvs.is/files/file912.pdf>. (25.05.2011.)

Barnaverndarstofa. (2011c). <http://www.bvs.is/?s=9&id=371&m=1>

Bryndís S. Guðmundsdóttir. (2010). *Annarra manna börn, viðhorf starfsmanna á stofnunum barnaverndaryfirvalda til eigin starfs*: Óbirt meistaraprófsverkefni: Háskóli Íslands.

Félagsráðgjafafélag Íslands. (2011). <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=91&Itemid=97> (1.06.2011).

Frumvarp til fjárlaga. (2010).

Gender budgeting (2005). *Gender budgeting*. Strasbourg: Directorate General of Human Rights

Hagstofa Íslands (2011a). <http://hagstofan.is/?PageID=624&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN02005%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni%2C+aldri+og+sveitarf%E9l%F6gum+1998%2D2011+%2D+Sveitarf%E9lagaskipan+1%2E+jan%FAar+2011+++%26path=./Database/mannfjoldi/sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fjöldi>. (25.05.2011.)

Hagstofa Íslands (2011b). <http://hagstofan.is/?PageID=624&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN02005%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni%2C+aldri+og+sveitarf%E9l%F6gum+1998%2D2011+%2D+Sveitarf%E9lagaskipan+1%2E+jan%FAar+2011+++%26path=./Database/mannfjoldi/sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fjöldi>. (25.05.2011.)

Hagstofa Íslands (2011c).

<http://hagstofan.is/?PageID=624&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN02005%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni%2C+aldri+og+sveitarf%E9I%F6gum+1998%2D2011+%2D+Sveitarf%E9Iagaskipan+1%2E+jan%FAar+2011+++%26path=../Database/mannfjoldi/sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fjöldi> (25.05.2011.)

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon (2009). *Ungt fólk 2009. Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir & greining.

Norwegian ministry of children and equality (2007). *Guide to gender equality assessment and discussion in ministry budget propositions*. Oslo: Norwegian ministry of children and equality

Pepler, D.J., Madsen K.C., Webster C., Levene K.S. (2005). *The development and treatment of girlhood aggression*. London: Lawrence Erlbaum associates publishers.

Ríkislögreglustjórnin. (2010). *Afbrotatölfræði 2009*.  
[http://www.logreglan.is/rls\\_afbrot09.html](http://www.logreglan.is/rls_afbrot09.html) (20.06.2011).

SÁÁ. (2010) *Ársrit SÁÁ 2007-2010*. [http://www.saa.is/Files/Skra\\_0042334.pdf](http://www.saa.is/Files/Skra_0042334.pdf) (20.06.2011)